

# Ársskýrsla 2014

## HRAFNSEYRI

Í janúar var hafist handa við að skrifa ársskýrslu um starfsemina á Hrafnseyri síðastliðið ár.

Í febrúar voru síðan haldnir ýmsir fundir um verkefni sem fyrirhuguð voru á starfsárinu:

- Fundað var með kennurum safnanámskeiðsins sem haldið hefur verið á Hrafnseyri undanfarin þrjú sumur, og einnig var fundað með Margréti Hallmundsdóttur fornleifafræðingi við Náttúrustofu Vestfjarða um áframhaldandi möguleika á uppgreftri á Hrafnseyri, og starfsemi vettvangsskóla í tengslum við þau verkefni sem hún hefur starfrækt þar undanfarin tvö ár.
- Auk fundar í ráðuneytinu var haldinn fundur með starfsmanni „Kulturkontakt Nord“ sjóðsins á Íslandi, í því skyni að athuga möguleika á styrk til norræns verkefnis á vegum Hrafnseyrar. Þá var fundur haldinn með sendiherra Indlands á Íslandi um hugmynd að sameiginlegu verkefni Hrafnseyrar, prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands og Sendiráðs Indlands á Íslandi er varðar ritgerðarsamkeppni menntaskólanema hér á landi um Gandhi og Jón Sigurðsson.
- Rætt var við starfsfólk Þjóðmenningarhúss við Hverfisgötu um sendingu sýningarinnar „Óskabarnið“ til Hrafnseyrar á komandi sumri, en sýningin, sem fjallar um uppvöxt Jóns Sigurðssonar og hefur verið í Þjóðmenningarhúsinu frá árinu 2011 verður nú að víkja fyrir uppsetningu nýrrar sýningar. Sýningin er að sjálfsögðu hvergi betur geymd en á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri.
- Að síðustu má nefna fund staðarhaldara með prófessor Guðmundi Halfdánarsyni og konu hans Þórunni Sigðurðardóttur, varðandi fyrirhugaða ráðstefnu okkar um sr. Ólaf Jónsson á Söndum í Dýrafirði og kvæðabók hans, sem ákveðið var að halda 13. september 2014 á Þingeyri.

Eftir þessi fundahöld var í febrúar og mars unnið frekar úr ábendingum og áætlunum sem komu fram á þessum fundum í formi funda heima í héraði með kennurum grunnskóla og menntaskóla, ritun fundargerða, ýmsum bréfaskriftum til stofnanna innan lands sem utan, gerð umsókna (t.d. í „Kulturkontakt Nord“ sjóðinn), ritun auglýsinga á íslensku og ensku um Hrafnseyri og Safn Jóns Sigurðssonar, gerð dagskrár fyrir komandi ráðstefnu, og fleira í þessum dúr. Síðast en ekki síst ber að nefna fund með Peter Weiss forstöðumanni Háskólaseturs Vestfjarða um möguleika á stofnun nýrrar námsleiðar við skólann sem fjalli um byggðapróun og tengsl landsbyggðarinnar við stærri borgir og alþjóðlegt umhverfi, sem staðarhaldari, ásamt Ólafi Halldórssyni athafnarmanni, eru aðal hvatamenn að.

Auk páskaleyfis einkenndist aprílmánuður af ýmsum undirbúningi komandi verkefna, t.d. fyrir Byggðaráðstefnuna í Noregi sem fara átti fram þann 12. – 14. maí. Einnig var unnið að undirbúningi fyrir komu Progati Sood Anand frá Indlandi, sem átti að sýna klassískan indverskan dans í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þann 17. maí, en þetta er í fyrsta skiptið sem svona dans er sýndur á Vestfjörðum. Heimsókn Progatis til Ísafjarðar var tilkomin vegna samstarfs indverska sendiráðsins í Reykjavík og Safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri.

Erlendum mastersnema við Háskólasetur Vestfjarða var veitt aðstoð við ritgerð sína um söfn á Vestfjörðum. Haft var samband við fólk frá Búlgaríu sem dvalist hafði á Hrafnseyri síðastliðið vor á vegum Náttúrustofu Vestfjarða, til að kanna möguleika þess að setja á stofn samvinnuverkefni við söfn í Búlgaríu. Staðarhaldari hóf vinnu að fyrirlestri sem hann heldur á sumarnámskeiði Nordisk Sommeruniversitet í lok júlí.

Þann 24. apríl, Sumardaginn fyrsta, var Hrafnseyrarheiðin opnuð fyrir almenna umferð bíla í fyrsta sinn síðan haustið 2013.

Þann 1. – 3. maí dvöldu tveir enskir fornleifafræðingar og 4 aðstoðarmenn þeirra á Hrafnseyri við að skanna túnin í kringum kirkjuna og framan við safnið með tveim mismunandi tækjum. Í ljós komu ýmsar rústir sem veita fornleifafræðingum betri yfirsýn en áður yfir áhugaverðustu staðina til uppgraftrar í framtíðinni.

Ákveðið var að staðarhaldari tæki 5 daga sumarleyfi 6. – 11. maí en færi svo á Norræna Byggðaráðstefnu í Þrándheimi í Noregi 12. – 14. maí. Ráðstefnunni var hins vegar frestað fram á haust þrem dögum áður en hún átti að hefjast, vegna væntanlegra verkfalla hótelfarfsmanna í borginni á ráðstefnutímanum. Þessi frestun kom sér ákaflega illa því búið var að kaupa farseðla og gistingu á ráðstefnuna, en einungis lítill hluti þess kostnaðar fékkst endurgreiddur. Þann 20. maí flutti staðarhaldari svo á Hrafnseyri til sumardvalar sinnar sem lauk 15. september, er hann flutti aftur til vetrardvalar að heimili sínu á Suðureyri.

## **Sumarstarfsemin á Hrafnseyri**

Veðurfar á vestanverðu landinu í lok maí í ár var einstaklega hlýtt og vott og skartaði Hrafnseyri því ákaflega sterkum og fallegum gróðurgrænum lit snemma vors. Hins vegar kólnaði veðrið til muna í júní og stytta sjaldan upp. Heimsmeistaramótið í knattspyrnu var haldið í þessum mánuði, en reynslan hefur sýnt að þessi mót (heimsmeistara- og Evrópumót), sem haldin eru í júní á tveggja ára fresti og sýnd eru í sjónvarpi hér á landi, valda oft minni aðsókn á staðinn, og svo var einnig að þessu sinni. Ekki batnaði veðrið í júlí því það sást varla til sólar allan mánuðinn.

Samtals munu um 4.000 manns hafa sótt staðinn heim þessa þrjá sumarmánuði (júní, júlí, ágúst) og viku af september sem safnið var opið, og munar þar mestu um nokkra fjölgun erlendra gesta miðað við árin á undan sem heimsóttu staðinn í ágústmánuði. Það lítur því út

fyrir að umsagnir í erlendar ferðabækur um nýju sýninguna um Jón Sigurðsson séu byrjaðar að hafa áhrif til fjölgunar erlendra gesta, eftir þá slæmu umsögn sem safnið fékk í þessum bókum fyrir 2011 (ef minnst var á það, yfir höfuð), enda var sú sýning sem þá var uppi eingöngu á íslensku<sup>1</sup>. Af þessum 4.000 gestum komu 1.383 inn á sjálft safnið. Börn úr grunnskólum Tálknafjarðar og Ísafjarðar komu einnig í heimsókn um það leyti sem safnið var opnað, en það var opið 1. júní – 7. september.

Eftir venjubundna yfirferð á girðingum og ýmsar smáviðgerðir eftir veturinn, hófst undirbúningur á Hrafnseyri fyrir 17. júní. Sem fyrr segir var seinni hluti maí einstaklega hlýr og rakur og stytta ekki upp fyrr en 4. júní, og því var ekki mögulegt að hefja fyrsta slátt á túnnum staðarins fyrir þann tíma.

Sunnudaginn 8. júní, Hvítasunnudag, var mjög falleg og látlaus gifting í Hrafnseyrarkirkju, undir handleiðslu sr. Hildar Ingu Rúnarsdóttur, sem gaf ung brúðhjón saman og skýrði fimm daga gamalt barn þeirra í leiðinni. Eftir giftinguna fengu brúðhjónin og aðstandendur þeirra burstabæinn til afnota fyrir brúðkaupsveisluna sem fór einstaklega vel fram.

Næstu þrjú daga var burstabærinn málaður. Í vikunni sem eftir var fram að þjóðhátíðardegi voru tún og kantar slegin, snyrt, rökuð og hey þurrkuð, auk þess sem trétröppur voru smíðaðar yfir steingerði kring um pallinn og stígur lagðar með steinhellum að ræðupalli í Bælisbrekku fyrir ræðufólk, útskriftarnema og skemmtikrafta.

**Þjóðhátíðardagurinn 17. júní.** Hátíðarhöldin hófust kl. 12:30 með messu (eins og á síðasta ári), og komust færri að en vildu í kapelluna, sem var full setin. Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir, sóknarprestur á Hrafnseyri þjónaði fyrir altari, en sr. María G. Gunnlaugsdóttir prestur í Patreksfjarðarprestakalli prédikaði. Kirkjukór Þingeyrarprestakalls sá svo um sönginn eins og hann gerir alltaf, og Tuuli Rähni lék undir á orgel.

Eftir messu var öllum boðið upp á kaffiveitingar á palli við burstabæinn eins og venja er, því veður var sæmilegt. Eftir að fólk hafði gætt sér á kaffi og kökum um stund, héldu hátíðahöldin þar áfram með hátíðarræðu sem haldin var af mennta- og menningarmálaráðherra, Illuga Gunnarssyni. Eftir tónlistaratriði með Megasi og Möggu Stínu við undirleik Guðmundar Hjaltasonar gítarleikara frá Ísafirði, hófst útskrift nemenda Háskólaseturs Vestfjarða og Háskólans á Akureyri, þar sem Stefán B. Sigurðsson rektor og Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða, afhentu nemendum útskriftarskýrteini sín. Þetta var í síðasta skiptið sem Stefán heimsótti Hrafnseyri sem rektor Háskólans á Akureyri, en hann lét af störfum skömmu síðar. Kynnir dagskrár var prófessor Guðmundur Hálfðánarson sem situr prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands. Listamaður sumarsins var Margrétar H. Blöndal, og var sýning hennar opnuð í tilefni dagsins.

---

<sup>1</sup> Árið 2010 skrifaði „The Lonely Planet“ að Safn Jóns Sigurðssonar væri „ugly“. Ýmsar þýskar ferðabækur frá því fyrir 2011 nefndu safnið ekki á nafn, þótt þær skrifuðu um Jón Sigurðsson og burstabæinn.

Þetta var í annað sinn sem hátíðarhöldin á Hrafnseyri og útskriftarhátíð Háskólaseturs Vestfjarða voru haldin saman sem ein samfelld dagskrá á Hrafnseyri og tókst það með ágætum. Um 300 manns sóttu hátíðina, og því er kostnaður staðarins orðin þó nokkur vegna hinna veglegu kaffiveitinga á staðnum sem gestum er boðið upp á í tilefni dagsins, en þar sem fólk þarf að fara langar leiðir þegar það sækir staðinn heim á þessum hátíðardegi verður að telja sjálfsagt að gestum sé boðið upp á kaffi og meðlæti. Það er komin nokkur hefð á þennan viðburð, en síðastliðin 34 ár hefur ávallt verið haldin dagskrá á staðnum 17. júní, með hátíðarmessu og sérstakri hátíðarræðu auk skemmtiefnis í formi tónlistar, leikþáttar eða annars þess háttar og þá er ekki nema sjálfsagt að fólk fái heitt kaffi og meðlæti, því oft getur verið kalsalegt að sitja undir berum himni í þá 2-3 tíma sem dagskráin varir. Hins vegar hefur nú verið ákveðið að framvegis verði kökusortunum ef til vill fækkað dálítið til að kostnaður fari ekki úr böndum.

Það sem eftir var af júnímánuði var haldið áfram að slá kringum safnið og burstabæinn, vera í gæslu á safni um helgar og svara bréfum. Einnig var undirbúningsfundur fyrir ráðstefnuna um sr. Ólaf Jónsson á Söndum haldin, og að síðustu má nefna að klóak í kjallaraíbúð stíflaðist tvisvar, þannig að kalla þurfti á klóakbílinn frá Ísafirði í bæði skiptin. Það er því ljóst að brýn þörf er á að koma klóakmálum í kjallara hússins í viðundandi horf, en þau voru ekki kláruð fyrir afmælisárið 2011.

Yfirleitt eykst fjöldi gesta á Hrafnseyri jafnt og þétt í júlímánuði og nær svo hámarki síðustu tvær vikurnar í mánuðinum og fram yfir fyrstu vikuna í ágúst (þ.e. verslunarmannahelgi). En þetta gerðist ekki í sumar, því í júlímánuði, sem var fremur kaldur, sást ekki til sólar á Hrafnseyri. Hins vegar var mun meiri gestagangur í ágústmánuði en undanfarin ár, og fjölgaði sérstaklega erlendum gestum í þessum mánuði.

13. júlí kom á Hrafnseyri 5 manna leikhópur frá *The Royal Central School of Speech & Drama* í London m.a. til að vinna að lokasýningu sinni sem þau sýna við skólann í haust, en nemendur á lokaári skólans eru hvattir til að sækja áhrif erlendis frá að sýningum sínum. Einn nemendanna hefur tengsl hingað vestur, og óskuðu þau því eftir því að vinna að verkefni sínu á Hrafnseyri, sem var auðfengið. Námskeiðið var ekki opið almenningi, en gestum var leyft að fylgjast með æfingum að vild. Áður en hópurinn fóru af landi brott, sýndu þau almenningi „verk í vinnslu“, eða hluta úr leikriti sínu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Þann 25. – 27. júlí tók staðarhaldari þátt í Sumarháskóla Norðurlanda (Nordisk Sommeruniversitet), þar sem hann kom með innlegg í rannsóknarhópinn „Affect“ (Áhrif) er fjallaði um bókina *„Festivals, Affect and Identity. A Deleuzian Apprenticeship in Central Italian Communities“* (2011), eftir Lita Crociani-Windland. Leitast var við að varpa ljósi á hvernig höfundur bókarinnar notar kenningar franska heimspekingsins Gilles Deleuze og geðlæknisins Félix Guattari til að lýsa þeim áhrifum („affects“) sem mjög frægt hestahlaup, „Palio horse race“ og hátíðarhöldin sem haldin eru í tengslum við það hafa, en þau tengjast sögu Toscana héraðsins á Ítalíu, samfélagsgerð borgarinnar Siena þar sem hlaupið fer árlega

fram, og því hvernig borgararnir samsama sig við þennan atburð – þ.e. hestahlaupið og hátíðarhöldin.

## Námskeið og ráðstefnur á Hrafnseyri

**Ráðstefnur:** Ein ráðstefna var haldin þetta sumar á vegum Hrafnseyrar og fjallaði hún um sr. Ólaf Jónsson á Söndum í Dýrafirði (c.a. 1560–1627), en hann var eitt af höfuðskáldum Íslendinga á fyrri hluta 17. aldar. Ráðstefnan, sem greidd var að fullu af prófessorsembætti Jón Sigurðssonar, var haldin í félagsheimilinu á Þingeyri. Eftir að dagskrá ráðstefnunnar lauk var farið að jörðinni Söndum, sem liggur skammt frá þorpinu en er nú í eyði.

-Nú eru hvorki sr. Ólafur Jónsson né jörðin Sandar sérstaklega tengd sögu Hrafnseyrar í Arnarfirði og spyrja má hvort Hrafnseyri eigi að beita sér fyrir ráðstefnum og öðrum menningaratburðum sem ekki eru sérstaklega tengd sögu Hrafnseyrar og haldnir eru annars staðar á Vestfjörðum en á Hrafnseyri eða í Arnarfirði. Því er til að svara, að Hrafnseyri og starfsemin sem þar fer fram Jóni Sigurðssyni til heiðurs og Íslendingum til sóma, tilheyrir allri íslensku þjóðinni, en ekki bara Arnfirðingum eða Vestfirðingum. Þess vegna þarf sú starfsemi sem stunduð er á vegum Hrafnseyrar ekki einungis að vera bundin við staðinn sjálfan, heldur getur hún farið fram hvar sem er á landinu. Þannig beri staðnum að stuðla að og styðja við vandaða menningaratburði á Hrafnseyri, Þingeyri, Vestfjörðum og á Íslandi öllu, eins og hann hefur fjárhagslegt bolmagn og getu til.

**Námskeið:** Eitt námskeið var haldið á Hrafnseyri og fór það fram 13. – 20. júlí, þegar fimm manna leikhópur frá *The Royal Central School of Speech & Drama* í London sótti staðinn heim og dvaldist þar við æfingar. Afraksturinn var svo sýndur í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, og í haust í „The Pleasance Theatre“ í London, og á „Emergency Festival“ í Manchester, Englandi.

Safnanámskeiðið, sem haldið hefur verið á Hrafnseyri undanfarin þrjú ár við góðan orðstír, var hins vegar ekki haldið í ár vegna ónógrar þátttöku. Staðarhaldari hefur sótt um verkefnastyrk til Kulturkontakt Nord til svipaðs námskeiðshalds á næsta ári og mun koma í ljós um áramótin hvort af þeirri styrkveitingu verður.

Margrét Hallmundsdóttir fékk ekki styrk í ár til að reka vettvangsskóla sinn á Hrafnseyri, eins og hún hefur gert undanfarin tvö ár, en hins vegar er þess vænst að hún geti haldið slíkt námskeið að nýju næsta sumar.

Staðarhaldari tók þátt í „Þriðju Norðurlandaráðstefnu um byggðarannsóknir“ (3rd. Nordic Conference for Rural Research. Nordic Ruralities – thriving and declining communities) sem haldin var í Þrándheimi í Noregi 3. – 8. september, sem og ráðstefnu Byggðastofnunar um byggðamál er kallaðist „Sókn sjávarbyggða. Hver er framtíðin? Koma konurnar?“ sem haldin var á Patreksfirði 19. og 20. september.

## Árslok

Safni Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri var lokað sunnudaginn 7. september kl. 18 og starfi sumarsins á staðnum þar með lokið. Eftir ráðstefnuna um byggðarannsóknir í Noregi, þann 8. – 10. september, var ráðstefnan um sr. Ólaf Jónsson á Söndum haldin á Þingeyri þann 13. september, og síðan ráðstefna Byggðstofnunar á Patreksfirði um byggðamál þann 19. – 20. september, þannig að töluvert var um framkvæmdir og þátttöku í ráðstefnum í þessum mánuði. Einnig var á þessum tíma fundur með Háskólasetri Vestfjarða á Hrafnseyri og nokkrum aðilum af svæðinu um stofnun námsbrautar um byggðamál við Háskólasetrið.

Eftir frágang á Hrafnseyri í lok september, sem fólst meðal annars í þrífnaði á safnhúsi, íbúðum, kapellu og burstabæ auk annarra verka utan dyra sem innan, urðu nokkrar bréfaskriftir í byrjun októbermánaðar við Háskólann í Oradea í Rúmeníu, sem bauð Safni Jóns Sigurðssonar í samstarf við sig á næsta ári, eftir að hafa lesið um námskeið á Hrafnseyri um menningartengda ferðamennsku. Það mun koma í ljós á næstu mánuðum, hvort eitthvað verði úr þessu samstarfsverkefni.

Þann 9. október kom Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til fundar á Hrafnseyri og fjallaði um samgöngur á svæðinu, og skoðaði jafnframt sýninguna um Jón Sigurðsson í leiðinni. Fundað var með Guðmundi Hálfðánarsyni um hvernig prófessorembætti Jóns Sigurðssonar gæti aðstoðað Safn Jóns Sigurðssonar við fyrirhugaða starfssemi á Hrafnseyri á næsta ári. Einnig var fundað með Margréti Hallmundsdóttur um möguleika á vettvangsskóla hennar á Hrafnseyri næsta sumar.

Sótt var um styrk til Kulturkontakt Nord í þriðja sinn fyrir undirbúningi að sameiginlegu verkefni þriggja Norðurlandþjóða auk Íslands um aðstoð við kennara í að nota söfn og sýningar til kennslu í hinum ýmsu greinum grunn – og framhaldsskóla.

Þá ber að nefna tillögu staðarhaldara að samstarfi við söfnin „George Washington’s Mount Vernon“ og „Thomas Jefferson’s Monticello“ í Bandaríkjum Norður–Ameríku, því eins og Jón Sigurðsson var foringi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttu þeirra á 19. öld, voru þeir George Washington og Thomas Jefferson foringjar í sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjamanna í lok 18. aldar og í byrjun þeirra 19. Samband Amerískra safna (The American Alliance of Museums) er einmitt um þessar mundir að hvetja sín söfn til þess að mynda sambönd við erlend söfn í þeim tilgangi að auka skilning milli Bandaríkjamanna og annarra þjóðfélagshópa víðsvegar um heiminn, og því þykir sjálfsagt að kanna áhuga umræddra safna á tengslum af þessu tagi.

Auk vinnu við gerð ársskýrslu í nóvember og desember, tók staðarhaldari þátt í fundi Minjastofnunar Íslands á Ísafirði þann 25. nóvember um stefnumótun í þeim málaflokki sem undir stofnunina heyrir, þar sem fram kom meðal annars að ákveðið er að ráða nýjan minjavörð fyrir Vestfirði á næsta ári. Í framhaldi af fundinum var ákveðið að efna til ráðstefnu á Hrafnseyri í lok júní á næsta ári, sem byggja mun á þessum fundi Minjastofnunar

og væri ætlaður til að tengja saman fólk í þessum geira og kynna það hvort fyrir öðru og nýja minjaverðinum.

Staðarhaldari hefur í nokkurn tíma haft áhuga á aukinni samvinnu við fólk og stofnanir á suðurfjörðum Vestfjarða og átti í því skyni samtal við Ásthildi Sturludóttur bæjarstjóra í Vesturbyggð um möguleika á auknu samstarfi. Samkomulag varð um að halda ráðstefnu á Hrafnseyri á næsta ári um menntun grunnskólabarna á svæðinu.

Einnig var haft samband við Fjórðungssamband Vestfjarða í tilefni af því að stjórn sambandsins var á síðasta fjórðungspingi þess 3. – 4. október sl. falið að undirbúa og halda sérstakt málþing um skólamál undir yfirskriftinni „Hvernig má efla skólana okkar“. Ákveðið er að halda málþingið á vormánuðum 2015, og bauð staðarhaldari stjórn fjórðungssambandsins aðstoð sína við undirbúning málþingsins, og Hrafnseyri sem samkomustað fyrir málþingið.

## Fjármál

Málefni Hrafnseyrar heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti sem ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum starfseminnar. Eins og fram kom í ársskýrslu ársins 2013 varð örlítill afgangur af rekstrarkostnaði þess árs, en markmið rekstursins á árinu 2014 var að sjálfsögðu að reksturinn yrði innan ramma fjárveitinga og tekna, samhliða því að hefðbundnum verkefnum yrði sinnt með verðugum hætti.

Við endanlegt uppgjör ársins 2014 varð ljóst að rekstur starfseminnar á Hrafnseyri var í jafnvægi á árinu, þrátt fyrir aukin útgjöld m.a. vegna aukins launakostnaðar, viðhalds húsnæðis, lagningar ljósleiðara til Hrafnseyrar o.fl. Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu niðurstöður rekstrarþátta ársins í samanburði við sömu þætti síðustu ára:

	2010	2011	2012	2013	2014
<b>Tekjur:</b>					
Framlög, seldar vörur og þjónusta*	8.652.833	22.905.778	15.960.262	15.334.523	16.307.993
<b>Gjöld:</b>					
Safn Jóns Sigurðssonar	6.113.015	8.598.902	9.454.340	8.292.990	9.911.225
Þjóðhátíðardagur	555.430	7.220.258	732.501	584.000	831.775
Viðhaldskostnaður	1.152.307	2.083.898	595.810	894.894	1.016.750
Annar rekstrarkostn.	3.246.942	6.191.175	4.038.876	4.388.588	4.640.297
<b>Fjármunahreyfingar:</b>					
Tekjur / (- gjöld)	-326.993	-236.609	0	0	0
<b>NIÐURSTAÐA REKSTRAR:</b>					
Hagnaður / (-Tapp)	-2.741.854	-1.425.064	1.138.735	1.174.081	-92.054

\* Framlag til Hrafnseyrar skv. fjárlögum frá 2012 hefur verið 14,5 m.kr. ár hvert, en einnig hafa verið til ráðstöfunar fjármunir frá fyrri árum, tekjur af aðgangseyri og aðrar tekjur.

## Lokaorð

Óhagstætt veðurfar síðastliðið sumar og heimsmeistaramót í knattspyrnu sem haldið var í júní voru sennilega helstu ástæður þess að færri Íslendingar sóttu Hrafnseyri heim en undanfarin ár. Hinsvegar bætti svolítið úr skák, að mun fleiri erlendir gestir komu í ágústmánuði en undanfarin ár, sem gæti stafað af því að farið er að skrifa um nýju sýninguna á Hrafnseyri á jákvæðari hátt í erlendar ferðabækur, en áður hefur verið gert.

Vegna ónógrar þátttöku var hætt við safnanámskeið sem haldin hafa verið á Hrafnseyri undanfarin þrjú ár. Vettvangsskóli Margrétar Hallmundsdóttur á Hrafnseyri, sem hún hefur haft með höndum undanfarin tvö ár féll einnig niður á liðnu sumri, ekki fyrir áhugaleysi nemenda heldur vegna þess að ekki fékkst styrkur til þessa verkefnis í ár. Vonast er til að vettvangsskólinn geti tekið til starfa á næsta sumri. Þá ber að nefna, að nemendur og kennarar frá bókmenntadeild Manitoba háskóla í Kanada, munu að öllum líkindum dvelja um það bil viku tíma á námskeiði á Hrafnseyri í lok júní næsta sumar.

Ýmislegt þarf að gera á vori komanda til þess að staðurinn líti sómasamlega út, bæði fyrir gesti og gangandi og fyrir þá sem vinna þar. Af slíkum verkefnum ber að nefna málun pallsins við burstabæ, uppsetningu grindverks á efrihæð safnshússins, lagfæringu klóaks í kjallara og brunastiga á kapelluloft. Einnig er kominn tími til að yfirfara sláttuvél (traktor), kaupa nýja uppþvottarvél í eldhús burstabæjar og endurnýja bollastell staðarins.

Til þess að koma til móts við hlutverk Hrafnseyrar sem menningar- og menntastofnunar og festa Sumarháskólann á staðnum frekar í sessi, væri æskilegt að Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands gerðu með sér formlegan samning um hvernig prófessorsembættið gæti best stutt árlegan rekstur Sumarháskólans á staðnum í formi ráðgjafar, framkvæmd verkefna yfir árið, rannsóknir og annað þess háttar, eins og embættinu ber skilda til að gera samkvæmt starfslýsingu sinni.

Staðarhaldari hefur lengi gælt við þá hugmynd að veita fræðimönnum - til dæmis masters-eða doktorsnemum - möguleika á að dveljast um stundar sakir á Hrafnseyri við skriftir. Það sem aðallega hefur staðið í vegi fyrir þessari hugmynd er að finna heppilegan dvalartíma fyrir fræðimenn. Almennt er ekki fært á staðinn nema fjóra mánuði á ári, frá um 15. maí – 15. september, þó að auðvitað komi dagar bæði fyrr og seinna þegar opið er yfir Hrafnseyrar- og Dynjandisheiðar, en enginn getur sagt um það fyrirfram hvenær það gerist. Þá er ekki forsvaranlegt að láta fólk dveljast eitt á staðnum, ef hætta er talin á að færð spillist eða heiðarnar lokist vegna snjóá. Þar sem flest ferðafólk kemur á staðinn í júlímánuði er sá mánuður heldur ekki sérlega heppilegur fyrir fræðimenn ef menn vilja frið og ró við skriftir. Svipaða sögu má segja um ágústmánuð, en þá fer aðalstarfssemi Sumarháskólans fram, sem einnig þarf á Hrafnseyri að halda fyrir nemendur sína. Að teknu tilliti til þessa virðist hentugast að bjóða fólki dvöl á staðnum á tímabilinu 15. maí – 15. júní, en til að svo geti orðið, verður að vera kominn brunastigi á kapelluloftið og aðstaða til eldunar (þ.e. eldavél eða hellur).



Að síðustu ber að nefna, að prófessor Guðmundur Hálfðánarson, sem gegnir embætti prófessors Jóns Sigurðssonar, og prófessor Eggert Þór Bernharðsson við Háskóla Íslands vinna nú, í samvinnu við Hrafseyri og fleiri aðila hér fyrir vestan, að því að skipuleggja námskeið í hagnýtri menningarmiðlun og opið málþing um menningartengda ferðaþjónustu sem haldin verða á Ísafirði í seinni part febrúar á komandi ári.

Suðueyri 15. apríl 2015.

Valdimar J. Halldórsson  
Staðarhaldari